

um landhelgisgæzlu og stækkun landhelginnar.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja hið fyrsta fyrir þingið frv. um landhelgisgæzlu, þar sem fram komi í einni heildarlöggjöf öll ákvæði um fyrirkomulag, verksvið, starfshætti og stjórn landhelgisgæzlunnar.

Sé í frv. sérstaklega að því stefnt:

1. Að með stjórn landhelgisgæzlunnar fari sérstök deild í dómsmálaráðuneytinu, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.
2. Að eftirlit með allri löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland sé falið þessari ráðuneytisdeild, þar undir fiskveiðaeftirlit, eftirlit með tollgæzlu og heilbrigðisgæzlu og eftirlit með útbúnaði og athöfnum erlendra skipa, sérstaklega á fjörðum og í höfnum.
3. Að nægjanlegur fullkominn og nýtizku varðskipastóll sé til gæzlunnar, loftför og önnur tæki, sem gera framkvæmd löggæzlunnar örugga.
4. Að strangar kröfur séu gerðar um mannaval, menntun og hæfileika þeirra skipstjórnarmanna, áhafna og annarra aðila, sem starfa að löggæzlunni í landhelgi og á öðrum löggæzlusvæðum við landið, enda sé vandað til aðstöðu þeirra og aðbúnaðar í samræmi við þau þýðingarmiklu störf, er þeir gegna.
5. Að samræma landhelgisgæzluna þjörgunarstarfsemi og bátaeftirliti við strendur landsins, hafrannsóknnum og sjómælingum, eftir því sem frekast verður við komið.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að fylgja fast fram löggjöf síðasta Alþingis, er heimilar stjórninni að ákveða verndarsvæði hvar sem er við strendur landsins innan takmarka landgrunnins, og setja reglur um hagnýtingu þeirra. Einnig athugi ríkisstjórnin að leita viðurkenningar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á sögulegum og lagalegum rétti Íslendinga til rýnkunar landhelginni í að minnsta kosti 4 sjómílur, enda verði þá til landhelginnar taldir allir firðir og flóar.

Greinargerð.

Landhelgismálið er eitt veigamesta stórmál Íslendinga. Þættir þess eru einkum tveir: Stækkun landhelginnar annars vegar og hins vegar gæzla landhelginnar.

Landhelgisgæzlan hefur því miður mjög dregizt aftur úr um langan tíma og síðari ár alveg farið varhluta af þeirri miklu nýsköpun og framþróun, sem á öðrum sviðum þjóðlífsins hefur orðið. Það skal ekki hér farið inn á að rekja raunasögu landhelgisgæzlunnar, enda flestum í fersku minni. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar á þingi til þess að koma á einhverjum úrbótum, en orðið árangurslausar. Það vantar sjálfstæða stjórn landhelgisgæzlunnar, sem að sjálfsögðu á að vera, sem önnur löggæzla, undir dómsmálaráðuneytinu. Það vantar nægjanleg skip til landhelgisgæzlunnar, flugvélar og önnur ný tæki, sem hin nýjasta tækni hefur upp á að bjóða. Það vantar sérstaka löggjöf um fyrirkomulag og framkvæmd við landhelgisgæzluna, sem felldi þetta mál í ótvíræðan og viðunandi farveg. Það þolir enga bið, að slík löggjöf sé sett, og fer þessi tillaga því m. a. fram á það að skora á ríkisstjórnina að undirbúa setning slíkra laga nú sem fyrst og leggja hið bráðasta fyrir Alþingi. Verður að teljast eðlilegt og öruggast, að sjálf ríkisstjórnin hafi forgöngu um undirbúning slíkrar lagasetningar.

Stækkun landhelginnar er eitt mesta hagsmunamál Íslendinga í nútíð og framtíð. Hefur af ýmsum verið sýnt fram á bæði sögulegan og lagalegan rétt Íslendinga til rýnkunar landhelgi, frá því sem nú er, í a. m. k. 4 mílur og þannig, að flóar og firðir séu einnig innan takmarka landhelginnar. Hitt er augljóst, að hér er um viðurhluta-

mikið mál að ræða, þar sem það snertir viðskipti okkar og sambúð við aðrar þjóðir. Ríkisstjórnin hafði forgöngu um það í fyrra, að sett voru lög á Alþingi, sem heimila stjórninni að ákveða verndarsvæði hvar sem er við strendur landsins innan takmarka landgrunnsins og setja reglur um hagnýtingu þeirra, og er hér að sjálfsögðu um spor í rétta átt að ræða. Ríkisstjórnin er nú að undirbúa það mál í samræmi við þær ráðagerðir, sem fyrirhugaðar voru. Síðan verður að fylgja málinu vel eftir. Þá virðist ekki úr vegi, að Íslendingar sæti færi að hreyfa máli sem þessu, þ. e. landhelgisrétti þjóðanna, á þingi hinna Sameinuðu þjóða, en þar standa smáþjóðirnar jafnfætis hinum stærri til þess að bera fram áhugamál sín og hafa áhrif á úrslit mála við atkvæðagreiðslu. Stöðug árvekni af Íslendinga hálfu getur haft úrslitaáhrif um framgang þessa velferðarmáls þjóðarinnar, og má ekki láta neitt það undir höfuð leggjast, sem miðar að því að bæta og styrkja okkar eigin aðstöðu varðandi þetta mál.

Landhelgismálið var til umræðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var á Akureyri í sumar, og var þar gerð ályktun í málinu, að meginefni sú sama og þingsályktunartillagan, sem hér er flutt. Ýmis stéttarþing, svo sem þing Farmanna- og fiskimannasambandsins, og aðrar samkomur hafa einnig gert svipaðar eða hliðstæðar ályktanir í þessu máli, og er þá að sjálfsögðu þess vænzt, að Alþingi taki slík mál til fyllstu ihugunar.